

UNDRIÐ Á ELLIHEIMILINU OG SUM ÍSLENSK FRÆÐI

I

Ég var að lesa hina ágætu grein biskupsins, dr. Sigurgeirs Sigurðssonar, um undrið á Grund (í Kbl. síðasta, 19. nóv.). Er ekki að furða, þó að mikið hafi verið um þetta talað og ritað, því að þessi lækningasaga er í mesta lagi ótrúleg, og virðist þó engin leið að skýra hana þannig, að einungis sé um blekkingar eða skáldskap að ræða. Virðist mér svo sem atburður þessi heyri undir hin ýmsu stóreftirtektarverðu tákni þessara tíma, eins og t. d. hinir furðulegu dulrænu hæfileikar ónefnds manns, sem hefir verið að hóta mér því, að hann skuli nota þessa hæfileika m. a. til þess að skrifa mönnum skammabréf, sem þeir mundu varla komast hjá að halda að væru frá mér. — Skýringin á þessari undursamlegu lækningu á elliheimilinu verður að vera á þá leið, að hún hafi orðið fyrir tilsendan straum lífsorku, eða lífmagnan, sem nefna mætti. En lífið sjálft er framkomið fyrir nokkurskonar magnan, sem á upptök sín hjá miklu fullkomnari lífverum en þeim, sem þessa jörð byggja. En að því er frumupptök þeirrar magnanar snertir, vil ég minna á hina dásamlegu sköpunarsögu Pýþagorasar og Platóns, þar sem segir, að hinn æðsti höfuðsmiður heimsins hafi ekki sjálfur skapað lífið á slíkum ófullkomnum lífstöðvum sem jörð vor er, heldur hafi hann falið það verk ódauðlegum guðum, sem hann hafði skapað og fengið bústað á stjörnum. Er þetta stórmerkileg kenning, eins og kenning Anaxímanders um að mannveran eigi kyn sitt að rekja til dýra. Sú kenning, sem ekki var neinn gaumur gefinn í h. b. 2500 ár, er nú orðin áhrifamikill þáttur í náttúrufræði vorra tíma, eins og alkunnugt er. En svo er ekki um hina engu síður sönnu

uppgötvun hinna forngrísku vitsnillinga á lífgeislaninni stjarnanna á milli, og lífmagnaninni. Og er þó óhætt að segja, að meðan lífeðlisfræðin þekkir ekki lífmagnanina, er hún mjög líkt á vegi stödd og eðlisfræðin var, áður en þekkingin á rafmagninu kom til sögunnar. Allir vita, hvernig rafmagnsfræðin hefir gerbreytt högum mannkynsins, en áhrif lífmagnsfræðinnar munu þó verða margfaldlega miklu meiri. Læknisfræðin mun öðlast möguleika til lækna öll veikindi og öll meiðsli, og það á skömmum tíma, jafnvel með skjótri svipan. Og eigi einungis það. Með tilstyrk þeirrar þekkingar mun takast að gera manninn að miklu fullkomnari lífveru en nú er.

II

Undra- eða kraftaverkalækningar þær sem hingaðtil hafa gerst, hafa verið sjaldgæfar, og af þeim sökum, að sú þekking var ekki til, sem á þurfti að halda. Erfitt virðist að efast um að lækningar af því tagi hafi í raun rétttri átt sér stað í hinum fræga kraftaverkabæ Lourdes á Frakklandi, en hinsvegar eru það einungis örfáir af þeim mikla fjölda, sem þangað hefir leitað, sem fengið hafa þar bót meina sinna.

Uppgötvun mín á eðli svefns og drauma — sem er svo mjög í samræmi við sumt hið ágætasta í kenningum hinna forngrísku vitringa, en einnig, og jafnvel á ennþá eftirtektarverðari hátt, má skoða sem framhald af sumu því, sem Íslendingar fornaldarinnar höfðu þegar veður af — mun greiða svo dugi fyrir hinu sigursæla upphafi í þessum efnum — þegar þegin verður. En þegar sá sigur sannleikans vinnst, mun koma í ljós, að ekki er sannspá það sem oft er sagt, eins og raunar eðlilegt er, að „um ófyrirsjáanlega framtíð“ muni íslenska þjóðin umfram allt byggja líf sitt á starfi þeirra sem veiða þorsk og síld. Er nú að vísu fjarri mér að gera lítið úr þeim dugnaði og þeirri snilld, sem til greina kemur í því starfi, en þó mun aðalstoð þjóðlífs vors verða allt önnur — nema ver fari. Íslensk gestrisni í æðra veldi, eins og komast mætti að orði, mun verða aðalundirstaðan undir íslensku þjóðlífi framtíðarinnar. Hingað munu menn leita víðsvegar

af löndum, til að læra að lifa því fullkomnara lífi, sem kostur verður á, þegar samband, byggt á þekkingu, er fengið við fullkomnari lífverur sem aðrar jarðstjörnur byggja. Eða með öðrum orðum, þessa guði, sem segir af í sköpunarsögu Pýþagorasar og Platóns. Og alveg með vissu má segja það fyrir, að ef þessi spá rætist ekki, þá mun skammt eftir íslenskrar sögu og ekki gott. Þá mun íslenska þjóðin ekki lifa af 3. og 4. heimsstyrjöldina. En eins og allir vita, þá horfir ekki friðlega né farsældarlega hér á jörðu ennþá, og er jafnvel ekki ofsagt, að þegar sé tekið til að undirbúa næstu heimsstyrjöld, þar sem beitt mundi verða ennþá fullkomnari og ægilegri vopnum en í þeirri, sem nú er lokið. Sbr. það sem haft hefir verið eftir Smuts, hinum fræga forsætisráðherra Suður-Afríku, sem einnig er herforingi og heimspekingur. Er nú að vísu ekki ósennilegt, að hann mundi hafa verið ennþá meiri heimspekingur, ef ekki hefði hann verið stjórnmálamaður og herforingi; en hinir framúrskarandi hæfileikar sem hann hefir sýnt í miklum virðingarstöðum, gera þó að m. k. að verkum, að orðum hans er mjög miklu meiri eftirtekt veitt heldur en ef hann hefði einungis verið fræðimaður. Annars virðist ýmsum hinum fremstu stjórnmálamönnum koma saman um það, að styrjaldir verði að leggjast niður, vegna þess, að hernaðaraðferðir framtíðarinnar muni verða svo hættulegar, að af þeim mundu geta hlotist endalok mannkynsins. Og efast ég ekki um, að hinir heimsfrægu stjórnmálaskörungar hafa í þessu efni rétt fyrir sér. En þó að glöggur skilningur hafi þannig komið fram á því, hversu nauðsynlegt það er, að gersamlega sé horfið frá hernaðarstefnunni hér á jörðu, þá hefi ég ekki séð getið um neitt það, sem líklegt sé til að geta tryggt framtíðinni hinn nauðsynlega frið. Virðist svo, sem frumkvæði í þeim efnum verði að koma úr annarri átt en jafnvel frá hinum ágætustu og voldugstu stjórnmálamönnum. Er í því sambandi ástæða til að minnast þess, að maður, sem þegar er reyndur að því að hafa sagt rétt fyrir og ýms stórtíðindi þessara síðustu tíma, hefir spáð því, að héðan frá Íslandi muni koma það ljós, er lýsa muni þjóðum jarðarinnar á rétta leið. Og er nú

raunar þegar séð, að svo gæti orðið. Því að það ljós hefir þegar tendrað verið, þó að lágt sé enn og lítið hjá því sem vera þarf og verða mun, þegar kostur verður hins nauðsynlegra samhugar og þeirra samtaka, sem slíkur samhugur mundi hafa í för með sér.

III

Það er mjög eftirtektarvert, að frumatriði þeirrar þekkingar, sem þarf til þess, að mannkyn jarðar vorrar geti komist af helvegi, skuli vera til orðin hér á Íslandi, þar sem frá fornu fari áhuginn á fróðleik mun hafa verið almennari en í nokkru landi öðru. En ekki er að furða þó að ógreitt hafi reynst um undirtektir og framhald, því að svo hefir alltaf verið hér á jörðu, að hinum mest áriðandi sannindum hefir verið dauflega tekið, eða ennþá verr. Og það er óhætt að segja, að ávöxtur slíkra undirtekta hefir aldrei komið greinilegar í ljós en einmitt á þessum síðustu tímum. Það hefir ekki reynst falsspá, sem lesa má í bók minni Ennýal (s. 68), en ritað er 31. jan. 1924: „Nokkrum mánuðum eftir að ég hafði gert tilraun mína (til að vekja eftirtekt á hinum tveim stefnum framvindunnar, og hverjir úrslitatímar eru nú í sögu mannkynsins), skall yfir styrjöldin mikla, stærsta heimskan sem framin hefir verið á þessari jörð. Og þó mundi miklu verr fara, ef ekki færi nú að takast að koma fram hinni nauðsynlegu stefnubreytingu, það er að segja því, að stefnt verði til lífsins en ekki til dauðans.“

Tíðindi þessara síðustu tíma hljóta að gera augljóst hverjum þeim, sem ekki er beinlínis fastráðinn í að meta allt annað meira en sannleikann, að mannkyn jarðar vorrar er ekki einungis á glötunarvegi, heldur á glötunarbarmi. Nú hagar svo til, að heita má að skuggi helvítis hafi lagst yfir þessa jörð, og á þann hátt sem mjög ótrúlegt mundi þykja, yfir þetta land, eins og m. a. kom fram í hinum ógurlegu slysum, sem hér á landi urðu, og hér við land, síðastliðinn vetur. Og má þó búast við því sem ennþá verra væri, ef ekki fæst þeim skugga af létt. En það er það sem getur orðið. Það

má breyta svo til, að afstýrt verði voða þeim sem yfir vofir. Ísland þarf að vera og getur orðið sá viti, er öllu mannkyni lýsi svo, að komist verði á rétta leið, leið þess lífs, sem lifað er í samræmi við tilgang heimsins og lífsins.